

Fundargerð XXXVI. landsþings

Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 21. maí kl. 10:30, var XXXVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið með stafrænum hætti. Hægt er að nálgast upptöku af þinginu á www.samband.is.

1. Þingsetning

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður sambandsins, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna.

Aldís hrósaði sveitarstjórnarmönnum, stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir fagleg og traustvekjandi störf á þessum sérkennilegum og fordæmalausum tímum. Sagði hún að draga megi mikinn lærdóm af þeirri reynslu og búast megi við því að fjárfundir séu komnir til að vera ásamt mun meiri sveigjanleika varðandi atvinnu og mætingu á vinnustað. Sambandið hefur stigið öflugt skref í þessa átt og auglýst störf án staðsetninga.

Í aðdraganda að stjórnar- og formannskjöri sambandsins 2018 fór fram mikil umræða um fyrirkomulag við val á forystufólki sambandsins. Við því var brugðist með skipun nefndar til að fara yfir samþykktir sambandsins og leggja fram tillögur að breytingum. Aldís styður þær tillögur og telur fyrirkomulagið til mikilla bóta.

Aldís fór einnig yfir viðbrögð sambandsins við kórónuveirukreppunni og að samþykkt hafi verið viðspyrnuáætlun í mars 2020 sem hefur skilað góðum árangri og hægt er að kynna sér á vefsíðu sambandsins.

Ársreikningar sveitarfélaga fyrir árið 2020 sýna að rekstur sveitarfélaga kemur betur út á síðasta ári en óttast var og hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar vissulega komið sveitarfélögum til góða.

Aldís fór einnig yfir fjölda mála sem nú er unnið að m.a. verkefni um bætt aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Kjaraviðræður eru að hefjast við nokkur stéttarfélög ásamt því að stytting vinnuvikunnar hefur verið krefjandi verkefni. Ný menntastefna hefur verið samþykkt og í undirbúningi er skólaping þar sem áhersla verður á að 25 ár eru frá yfirfærslu grunnskóla til sveitarfélaga. Unnið að miklum breytingum er varða samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna með áherslu á snemmtækan stuðning með aukinni samvinnu milli þjónustukerfa og breytingum á fyrirkomulagi barnaverndar hjá sveitarfélögunum.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er með frumvarp sveitarstjórnarráðherra um að lögbinda lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga og hefur nefndin sent tillögur um breytingar á frumvarpinu til sveitarfélaga. Þær tillögur eru ekki í samræmi við samþykktir landsþings sambandsins. Engu að síður er reynt að hvetja fámenn sveitarfélög til að taka upp sameiningarviðræður.

Ræða formanns er aðgengileg í heild sinni á vefsíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

2. Kosning þingforseta, ritara og kjörbréfanefndar

Samkvæmt tillögu formanns sambandsins var Arna Ír Gunnarsdóttir kjörin þingforseti. Einnig lagði formaður til að þingritarar yrðu Óttar Freyr Gíslason og Berglind Eva Ólafsdóttir starfsfólk sambandsins. Engin mótmæli tillögunum.

Þingforseti tók næst við stjórn þingsins.

Var þá borin upp tillaga um kjörbréfanefnd. Í kjörbréfanefnd voru kjörin Valur Rafn Halldórsson, Kolbrún Erna Magnúsdóttir og Ingibjörg Hinriksdóttir, starfsfólk sambandsins.

3. Kynning á breytingum á samþykktum sambandsins

Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður starfshóps um endurskoðun á samþykktum sambandsins, gerði grein fyrir tillögum starfshópsins. Samþykkt var á landsþinginu 2018 að fela stjórn sambandsins að setja á fót starfshóp um endurskoðun á samþykktum sambandsins. Starfshópurinn kynnti tillögur sínar fyrir stjórn sambandsins í janúar 2020 og samþykkti stjórnin að leggja tillögunar fyrir landsþingið 2020, en því var frestað vegna Covid-19 og eru tillögunar því hér með lagðar fyrir landsþingið 2021.

Tillögur starfshópsins snúa að breytingum á 5. og 6. grein um kjörgengi og landsþing. Þá er lagt til að bætt verði við nýrri 10. grein um formannskjör. Jafnframt því er lögð til breyting á 11. grein um stjórnarkjör og að bætt sé við nýrri grein um verkefni formanns.

Í framhaldi af kynningu formanns starfshópsins fóru fram almennar umræður þar sem eftirtaldir aðilar tóku til máls:

Tómas Ellert Tómasson, sveitarstjórnarfulltrúi í Árborg, Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri í Árborg, Kristinn Jónasson, bæjarstjóri í Snæfellsbæ, Stefán Bogi Sveinsson, bæjarfulltrúi í Múlaþingi og Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík.

Þau sem tóku til máls voru almennt sátt við tillögur starfshópsins, töldu tillögunar vera skref í rétta átt og að það væri eðlilegt að reglulega verði hugað að endurskoðun á samþykktum sambandsins. Tómas Ellert Tómasson lagði fram breytingartillögu fyrir hönd Miðflokksins og gerði grein fyrir henni.

Þá lagði Stefán Bogi Sveinsson fram tillögu þess efnis að tillögu Miðflokksins yrði vísað frá.

Hægt er að nálgast upptökur af öllum umræðunum á www.samband.is.

4. Álit kjörbréfanefndar

Þingforseti gerði grein fyrir athugun kjörbréfanefndar á kjörbréfum og var niðurstaða nefndarinnar eftirfarandi:

„Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þau kjörbréf sem sveitarfélögin hafa sent skrifstofu sambandsins.

Öll kjörbréfin eru gild.

Rétt kjörnir fulltrúar með atkvæðisrétt á þinginu eru 94

Þá eru mættir 52 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt.

Alls eru því mættir til landsþingsins 146 fulltrúar.

Að auki sitja þingið gestir og starfsmenn sambandsins.

Seturétt á landsþinginu eiga 150 fulltrúar frá 68 sveitarfélögum með atkvæðisrétt.

Það er álit kjörbréfanefndar að XXXVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga teljist lögmætt og ályktunar bært“.

4. Kosning

Þingforseti las upp frávísunartillögu Stefáns Boga Sveinssonar á breytingartillögu Miðflokksins og lagði hana til atkvæðagreiðslu. Tók þingforseti fram að kosning væri opin til 12:25.

5. Erindi frá Framtíðarsetri Íslands

Karl Friðriksson og Sævar Kristinsson frá Framtíðarsetri Íslands kynntu skýrslu sem hefur verið birt á vef sambandsins undir yfirskriftinni *Sveitarfélög í breyttu umhverfi. Hvað gerist handan við hornið? Framtíðaráskoranir*.

Skýrslan byggir á könnun sem gerð var meðal kjörinna landsþingsfulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og framkvæmdastjóra sveitarfélaga í mars 2021. Einnig voru tekin viðtöl við átta fulltrúa ólíkra aðila sem vinna að sveitarstjórnarmálum.

Markmiðið með þessari samantekt er að skapa umræðu um nokkrar áskoranir sem sveitarfélög standa frammi fyrir. Skýrslan er vinnuskjal ætlað til að örva umræðu um nokkrar þær áskoranir sem sveitarfélög í landinu þurfa að taka afstöðu til.

Farið var yfir þá 11 þætti sem teknir eru til umfjöllunar í skýrslunni en þeir eru: snjallvæðing, lýðræðisleg þátttaka íbúa, menntun og skólamál, félagslegar áskoranir, fjárfestingar og rekstur sveitarfélaga, störf án staðsetningar, samskipti ríkis og sveitarfélaga, samstaða, samstarf og sameiningar sveitarfélaga, umhverfis- og loftslagsmál, ungt fólk og aldursamsetning íbúa, og fjölmenningsarsamfélög.

Að lokum var farið yfir hvernig hægt er að nýta sér þær hugmyndir sem koma fram í skýrslunni og draga fram ólíkar sviðsmyndir út frá ólíkum forsendum.

6. Kosning

Þingforseti gerði grein fyrir niðurstöðum kosningar um frávísunartillögu.

Frávísunartillaga Stefáns Boga Sveinssonar var samþykkt með 71,6% atkvæða, nei sögðu 24,6% og 2,8% skiluðu auðu.

Þingforseti lagði því næst til að kosið yrði í heild sinni um tillögur starfshóps um breytingar á samþykktum sambandsins og að kosning yrði opin fram yfir erindi forsætisráðherra.

Hádegishlé

7. Ávarp forsætisráðherra

Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, ávarpaði landsþingið. Í ávarpi sínu fjallaði Katrín um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og lagði hún áherslu á að sveitarfélög gegni lykilhlutverki í innleiðingu þeirra. Heimsmarkmiðin eru 17 talsins og undirmarkmiðin eru 169, en allt miðar þetta að einu marki, að enginn verði skilinn eftir. Þetta er leiðarljós þeirrar vinnu sem nú á sér stað á öllum stigum stjórnáráðgjafar og þar eru sveitarfélög engin undantekning. Sem dæmi nefndi Katrín að búið er að vinna verkfærakistu fyrir sveitarfélög, en henni er ætlað að aðstoða sveitarfélög við að innleiða heimsmarkmiðin og tengja þau við stefnumótun og áætlanir sveitarfélaga. Eins benti Katrín á að horft sé til heimsmarkmiðanna í þeirri sameiningarvinnu sem nú á sér stað hjá Skútustaðahreppi og Þingeyjarsveit.

Þá fjallaði Katrín nánar um tvö heimsmarkmið, jafnrétti kynjanna og aðgerðir í loftslagsmálum. Þó svo að Ísland sé í fremstu röð þegar kemur að jafnrétti kynjanna þá er ljóst að kynbundið ofbeldi er mein í samfélagi okkar. Ef að markmiðið um jafnrétti kynjanna á að verða að veruleika verður að bregðast við kynbundnu ofbeldi og það kallar á náð samstarf ríkis og sveitarfélaga. Kynbundnu ofbeldi verður ekki útrýmt með bættri löggjöf einni og sér, heldur kallar það á aukna fræðslu og almenna hugarfarsbreytingu í samfélagi okkar. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur nú þegar brugðist við þessari áskorun og nýverið var ráðinn forvarnarfulltrúi til þess að sinna þessum málum. Þá funduðu forsætisráðherra og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga nýverið um málið.

Aðgerðir í loftslagsmálum er annað mál þar sem hægt er að nýta heimsmarkmiðin sem nokkurs konar leiðarvísi. Loftslagsmálin ná yfir marga þætti samfélags okkar og má þar meðal annars nefna hringrásarhagkerfið og skipulagsmál, sem síðan tengjast bættri lýðheilsu og almennri vellíðan íbúa. Allt eru þetta þættir sem falla undir verksvið sveitarfélaga og því er ljóst að einnig hér gegna sveitarfélög lykilhlutverki eigi þetta heimsmarkmið að nást.

Í lokin lagði Katrín áherslu á að það sé hægt að draga lærdóm af því sem vel hefur tekist í baráttunni við Covid-19 og það megi nýta þá reynslu í baráttu okkar gegn loftslagsváni. Það hefur sýnt sig að nálægð sveitarstjórnarstigsins við nærumhverfi okkar gegnir hér lykilhlutverki.

8. Ávarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ávarpaði landsþingið. Í ávarpi sínu fjallaði Sigurður um baráttu við heimsfaraldurinn sem einkennst hefur af því að verja mannlíf, vernda störf og veita viðspyrnu. Íslenskt samfélag hafi staðist þessa raun af mikilli þrýði. Hann er þakklátur fyrir þá góðu samvinnu sem ríki og sveitarfélög hafa átt við þessar erfiðu aðstæður.

Fyrir rúm ári var samþykkt stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Þetta er fyrsta áætlun sinnar tegundar, sem hefur skýra framtíðarsýn og markmið um eflingu og styrkingu sveitarstjórnarstigsins.

Frumvarp um lágmarksíbúafjölda er nú til meðferðar á Alþingi. Umhverfis- og samgöngunefnd hefur verið að skoða leiðir til þess og er hann bjartsýnn á

farsæl málalok. Stórauðinn stuðningur ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sameiningar sveitarfélaga hefur haft mjög jákvæð áhrif og unnið er að sameiningum vítt og breitt um landið.

Ráðherra hefur skipað nefnd til að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Markmið verkefnisins er að styrkja tekjustofna sveitarfélaga og auka fjárhagslega sjálfbærni þeirra.

Þá nefndi Sigurður að hin stafræna framþróun sé þegar farin að skila hinu opinbera og íbúum landsins miklum ávinningi. Ríkið hefur veitt 100 m.kr. til stuðnings stafrænnar þróunar hjá sveitarfélögum.

Mikilvægt er bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa og gæta að kynjajafnrétti sveitarstjórnarfólks. Verkefnið er þrjúþætt, þ.e. að vinna greiningu á starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa, setja viðmið um greiðslur og önnur réttindi sveitarstjórnarmanna og að lokum að vinna með stjórnarsýslu jafnréttismála og Sambandi íslenskra sveitarfélaga að gerð jafnréttisáætlunar fyrir sveitarstjórnarstigið.

Vinna við endurskoðun byggðaáætlunar er langt komin og nú nýlega gaf ráðuneytið út drög að nýrri stefnu í svokallaðri Hvítbók. Vill ráðherra sérstaklega nefna að Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru fléttuð inn í stefnuna. Lagðar eru til 45 aðgerðir til að ná markmiðum áætlunarinnar og hluti þeirra eru nýjar aðgerðir, aðrar eru einnig hluti af núgildandi áætlun.

Þá greindi ráðherra frá Vegvísi sem er ný vefgátt ráðuneytisins sem er mælaborð um samgöngur, fjarskipti og byggðamál. Þetta tæki, www.vegvisir.is, er þýðingarmikið nýsköpunar- og umbótaverkefni sem veitir mikilvægan aðgang að opinberum gögnum.

Að lokum fjallaði ráðherra um að íslenskt samfélag hefði tekið miklum breytingum á síðustu árum og áratugum. Flestar breytingarnar eru jákvæðar og einkennast af auknum lífsgæðum á Íslandi. Á þessu kjörtímabili hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að fjárfesta í innviðum, hvort sem þeir heita samgöngur, menntakerfi, heilbrigðiskerfi, loftlagsmál eða nýsköpun. Allar þessar fjárfestingar miða að því að auka lífsgæði á Íslandi.

Hægt er að nálgast upptöku af ávarpi ráðherra á www.samband.is

Í framhaldi af ræðu ráðherra voru almennar umræður en eftirtaldir aðilar tóku til máls:

Valdimar Birgisson, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavíkurborg, Stefán Bogi Sveinsson, bæjarfulltrúi í Múlaþingi, Hildur Þórisdóttir, bæjarfulltrúi í Múlaþingi og Sigríður Bragadóttir í Vopnafjarðarhreppi.

Hægt er að nálgast upptökur af öllum umræðunum á www.samband.is.

9. Niðurstöður kosninga

Tillögur starfshóps um breytingar á samþykktum sambandsins voru samþykktar með 90,41% atkvæða, nei svöruðu 4,11% og 5,88% skiluðu auðu.

Tveir þingfulltrúar, þau Tómas Ellert Tómasson, sveitarstjórnarfulltrúi í Árborg og Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi í Reykjavík, gerðu grein fyrir atkvæði sínu um að skila auðu með eftirfarandi bókun:

„Við fögnum því að tekið var tillit til hluta tillagna okkar í lýðræðisátt en hörmum hins vegar að tillaga okkar var ekki samþykkt í heild sinni. Enn sitja 60% sveitarstjórnarmanna á landinu, með öllu áhrifalausir þegar kemur að kosningu í stjórn sambandsins. Það er með öllu óásættanlegt og í andstöðu við þekkta lýðræðisvitund almennings. Upplýsingar sem komu fram á Landsþinginu í umræðum um breytingar á samþykktum sambandsins, um samtryggingu fjórflokksins í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga voru sláandi. Í gegnum árin hefur uppstillinganefnd sambandsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum farið í úthringingar til að staðsetja nýkjörna sveitarstjórnarmenn í fjórflokkinn. Slík vinnubrögð hljóta að vera brot á persónuverndarlögum.“

Þingslit

Þinginu var slitið kl. 14:33

Berglind Eva Ólafsdóttir

Óttar Freyr Gíslason